

Fréttapistill frá forseta Íslands

29. júní 2020

Í nýliðinni viku bar kosningar hæst í mínum störfum. Ég þakka öllum sem tóku þátt í forsetakjörinu og sömuleiðis þann stuðning sem ég hlaut. Þá þakka ég öllum þeim fjölda fólks sem kom að undirbúningi og framkvæmd kosninganna um allt land. Einnig óska ég hinum frambjóðandanum velfarnaðar.

Mynd af okkur Elizú á kosningakvöldi, sem fylgir pistlinum, tók Kristinn Magnússon.

Á mánudaginn var heimsótti ég Nýsköpunarmiðstöð Íslands þar sem fyrirtækið Arctus er til húsa, undir forystu Jóns Hjaltalíns Magnússonar, verkfræðings og handknattleikskempu. Starfslið Arctus þróar nú leiðir til að framleiða ál með mun umhverfisvænni hætti en nú er unnt. Notuð eru rafskaut úr málmblöndum og keramíki í stað kolefnisskauta og þá myndast ekki koltvísýringur, heldur eingöngu ál og súrefni. Jón Hjaltalín kynnti framleiðsluferlið, samstarfsaðila innanlands og utan- og framtíðaráform. Ég tók við táknrænni gjöf, álbúti sem framleiddur var með þessum nýja hætti. Þá flutti ég stutt ávarp og minnti þar á mikilvægi nýsköpunar, ekki síst nauðsyn þess að leita umhverfisvænni leiða í framleiðslu og vöruþróun. Þá leyfði ég mér að nefna að þótt Jón Hjaltalín væri kominn af léttasta skeiði væri hann í fararbroddi framsýnna frumkvöðla; í heimi nýsköpunar á kynslóðabil ekki heima.

Síðar þennan dag tók ég á móti góðum gestum á Bessastöðum. Síðastliðin fjögur ár hafa liðsmenn Team Rynkeby Ísland tekið þátt í alþjóðlegri hjólaferð frá Kolding í Danmörku til Parísarborgar og safnað um leið styrkjum í þágu Styrktarfélags krabbameinsveikra barna. Í ár fellur ferðin niður vegna veirufaraldursins en þess í stað mun íslenska sveitin hjóla innanlands í þágu málstaðarins. Í þetta sinn voru Bessastaðir áfangastaður á hjólaæfingu liðsins. Ég árnaði gestunum heilla og þakkaði þeim fyrir þetta merka framlag.

Þriðjudaginn 23. júní héldum við Eliza vestur á firði, vorum á Ísafirði og Flateyri, í Bolungarvík og Súðavík. Við héldum meðal annars á minningarstaði um þá sem létu lífið í snjóflóðunum í Súðavík og á Flateyri árið 1995. Við minningarreitinn í Súðavík tók heimafólk á móti okkur og á Flateyri voru björgunarsveitarmenn í því hlutverki. Þar var safnast saman við bautastein sem reistur var í minningu hinna látnu. Á báðum stöðum flutti ég ávarp. Í Bolungarvík hittum við hjónin íbúa og starfslið hjúkrunarheimilisins Bergs. Veiran skæða geisaði þar fyrr í ár, tveir létust og aðrir veiktust, sumir illa. Starfslið sinnti sínum störfum af stakri þrýði en kalla þurfti til bakvarðasveit að sunnan. Við Eliza ræddum þessa lífsreynslu við heimafólk og sömuleiðis við fjölmiðlafólk sem vinnur að heimildarmynd um farsóttina og hvernig tekist var á við hana á Íslandi. Á mynd að neðan erum við með forystusveitinni á Bergi.

Síðastliðinn fimmtudag sóttum við Eliza viðburði undir merkjum HönnunarMars. Þeirri listahátíð, sem halda átti í Reykjavík í mars að venju, var frestað vegna veirunnar skæðu og er hún nú haldin með öðru sniði en venjulega. Ég kynnti mér

sýningar í Hafnarhúsinu og við Hafnartorg en Eliza hélt á sýningar í Hönnunarsafni Íslands í Garðabæ og í sýningarsal að Suðurgötu 9 í Hafnarfirði.

Þennan fimmtudag varð stórbruni í Reykjavík, sá mannskæðasti á Íslandi um árabíl. Þrír létust og er gengið að því sem vísu að þeir hafi verið af pólsku bergi brotnir. Ég sendi sendiherra Póllands á Íslandi og formanni Samtaka Pólverja á Íslandi samúðarkveðjur. Í svarbréfi sendiherra færði hann slökkviliðsmönnum, lögreglu og heilbrigðisstarfsfólki þakkir fyrir þeirra atbeina á vettvangi.

Á kjördag og í gær átti ég fjölmörg samtöl við fjölmiðlafólk um kosningarnar og má finna þær heimildir víða. Einnig vísa ég sem fyrr til frekari upplýsinga á heimasíðu forsetaembættisins, www.forseti.is. Ég óska ykkur öllum gæfu og gengis.